



HJÚKRUNARFÉLAG ÍSLANDS

SUÐURLANDSBRAUT 22 · 108 REYKJAVÍK · SÍMI 91-68 75 75
PÓSTGÍRÓ 21170-2 · KT. 620169-4399 · FAX 91-680727

Alþingi

Efndi nr. 5 116 / 2007

komudagur 1 / 19 1993

Skrifstofa Alþingis.

Fulltrúafundur Hjúkrunarfélags Íslands sem haldinn var dagana 29. og 30. apríl 1993 í Reykjavík skorar á Alþingi að afgreiða frumvarp til skaðabótalaga, sem lagt var fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992, sem ný skaðabótalög fyrir þinglok. Fulltrúafundur Hjúkrunarfélags Íslands telur að ekki megi lengur við una það óréttlæti er falist hefur í skaðabótagreiðslum vegna fjárhagstjóns til þeirra hópa í þjóðfélaginu, sem að verulegu leyti nýta vinnugetu sína þannig að þeir hafa engar eða takmarkaðar vinnutekjur s.s. til barna, námsfólks og fólks er nýtir vinnugetu sína heimavið. Fulltrúafundur Hjúkrunarfélags Íslands telur að með frumvarpinu sé stigið skref í rétta átt með því að staðla skaðabótagreiðslur vegna líkamstjóns og vonast til að í framtíðinni verði allar greiðslur vegna fjárhagstjóns er hljótast af örorku staðlaðar.

Reykjavík 10. maí 1993

Lilja U. Óskarsdóttir
Lilja U. Óskarsdóttir

Stefanía V. Sigurjónsdóttir
Stefanía V. Sigurjónsdóttir

ritarar fulltrúafundar.